Kaldbakur EA 1

Bókun

Mál nr.: **2026-007-S-003**

Dagsetning: **3. nóvember 2025**

Staðsetning: **Mynni Eyjafjarðar**

Atvik: **Fékk krók í höfuðið**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 3. nóvember 2025 var Kaldbakur EA 1 á leið frá Akureyri á veiðar. Fékk skipverji krók pokagils í höfuðið og var í framhaldinu siglt með hann til Dalvíkur en þangað var u.þ.b. 90 mínútna sigling. Þar beið hans sjúkrabíll sem flutti hann til aðhlynningar á sjúkrahúsi. Veður: 10-12 m/sek og töluverð alda.

1. Helstu staðreyndir

Kaldbakur EA 1

Skipaskrár nr. 2891

Útgerð: Samherji Ísland ehf.

Smíðaður: Tyrkland 2017

Stærð: 2081 BT

Mesta lengd: 62,5 m

Breidd: 13,6 m

Vél: YAMMAR 1620 kW 2015

Fjöldi skipverja: 13



2. Atvikalýsing

Þann 3. nóvember 2025 var Kaldbakur á siglingu en verið var að gera veiðarfærið tilbúið. Veður var 10-12 m/sek og talsverð alda.

Skipverjar voru að hífa belg trollsins aftur eftir þilfari skipsins og var einn þeirra að fara með pokagilsinn fram eftir þilfarinu þegar törnaðist á spilinu með þeim afleiðingum að hann missti takið á króknum (myndir 1 og 2) sem lenti aftan á höfði annars skipverja. Slasaði missti meðvitund í einhverjar mínútur og var vankaður á eftir, með mikinn höfuðverk. Eftir samráð við lækni var haldið til Dalvíkur en þangað var um það bil 90 mínútna sigling. Slasaði var fluttur á sjúkrahús á Akureyri. Reyndist hann vera með heilahristing en í lagi að öðru leyti.

3. Greining


Um borð í Kaldbak voru notaðir öryggishjálmar og hlífðarskeljar. Hlífðarskeljar gera ekki gagn við vinnu á opnu þilfari. Þær eru hugsaðar til hlífðar þar sem hætta er á að menn reki höfuðið utan í. Þær verja ekki hnakka eða eyru (mynd 3) og veita ekki vörn gegn þungum höggum. Öryggishjálmur ver höfuðið allt (mynd 4).

Lokaðir öryggishjálmar voru notaðir þegar verið var að taka trollið og láta það fara. Eins voru þeir notaðir þegar eitthvað var híft.

Hlífðarskeljar voru notaðar við vinnu eins og netabætningar, við undirbúning komu til hafnar og frágang eftir brottför.

Að sögn hins slasaða gerði hann sér grein fyrir að hann væri ekki með viðeigandi hlífðarbúnað. Taldi hann ástæðuna vera þá að verið var að ganga frá eftir brottför þegar skipverjar fengu fyrirmæli um að gera trollið tilbúið. Þeir reiknuðu með að lengri sigling væri fyrir höndum og að ekki yrði gert klárt til köstunar á þessum tíma. Vegna þessa hefðu þeir átt að nota lokaða öryggishjálma.

Þar sem þessar skeljar verja ekki neðri hluta hnakkans náði krókurinn að slást í hnakka hins slasaða fyrir neðan hjálminn með þeim afleiðingum að hann rotaðist.



Mynd 1. Krókurinn sem slóst í höfuð hins slasaða.



Mynd 2. Krókurinn sem slóst í höfuð hins slasaða.



Mynd 3. Hlífðarskel.



Mynd 4. Lokaður öryggishjámur.

4. Niðurstöður

Ástæða slyssins var að hinn slasaði var ekki með öryggishjálm.

Útgerð Kaldbaks hefur brugðist við slysinu með þeim hætti að banna notkun hlífðarskelja í stað öryggishjálma.

Samþykkt 18. september 2026.

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Pálmi Jónsson

Jón Finnbjörnsson

Hilmar Snorrason

Hjörtur Emilsson

F.h. Rannsóknarnefndar samgönguslysa Jón Pétursson.